



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 15/2009

**Kvörtun Sendibílastöðvar Hafnarfjarðar ehf. yfir firmaheitinu NSH Sendibílastöð
Hafnarfjarðar og Nýja Sendibílastöð Hafnarfjarðar**

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofu barst erindi Sendibílastöðvar Hafnarfjarðar ehf. með bréfi, dags. 7. nóvember 2008, þar sem kvartað er yfir notkun á firmaheitinu NSH Sendibílastöð Hafnarfjarðar. Í bréfinu kemur fram að á bílum þeirra standi Nýja Sendibílastöð Hafnarfjarðar. Sendibílastöð Hafnarfjarðar hafi verið stofnuð þann 21. október 1989 og notkun NSH Sendibílastöðvar Hafnarfjarðar / Nýju Sendibílastöðvar Hafnarfjarðar feli í sér misnotkun á nafni Sendibílastöðvarinnar.

2.

Erindi Sendibílastöðvar Hafnarfjarðar var sent NSH Sendibílastöð Hafnarfjarðar til umsagnar með bréfi stofnunarinnar, dags. 24. nóvember 2008. Í bréfinu kom fram að í erindinu væri ekki vísað til lagaákvæða en að mati stofnunarinnar kæmu ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu til álita í málinu.

Svar NSH Sendibílastöðvar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 2. desember 2008. Þar kemur fram að þjónusta þeirra heiti NSH Sendibílastöð og skammstöfunin standi fyrir „notum sendla Hafnarfjarðar“. Til að undirstrika það, sé vörumerki þeirra „NSH Sendibílastöð“ og símanúmer fyrirtækisins sé þar fyrir neðan og neðst í vörumerkinu sé orðið „Hafnarfjarðar“ sem sé undirstrikað í þeim tilgangi að vísa til þess að NSH Sendibílastöð sé til húsa í Hafnarfirði. Eftir samtal við Einkaleyfastofu, áður en NSH Sendibílastöð var opnuð, telji NSH Sendibílastöð að Sendibílastöð Hafnarfjarðar geti ekki notið einkaréttar á orðunum Sendibílastöð og Hafnarfjarðar þar sem þau lýsi þjónustunni. Í auglýsingum sé ávallt talað um NSH Sendibílastöð fyrir utan ein mistök í smáauglýsingu í Fréttablaðinu. Þá séu vörumerki fyrirtækjanna ekki lík.



3.

Sendibílastöð Hafnarfjarðar var sent bréf NSH Sendibílastöðvar til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 9. desember 2008.

Svar barst með bréfi, dags. 18. desember 2008, þar sem rökum NSH Sendibílastöðvar er mótmælt. Með bréfinu fylgdi plastaður einblöðungur frá „Nýju sendibílastöð Hafnarfjarðar“ sem dreift var til fyrirtækja í Hafnarfirði. Grunnhugmynd NSH Sendibílastöðvar hafi því augljóslega ekki verið „notum sendla Hafnarfjarðar“. Þá er því mótmælt að vörumerki fyrirtækjanna séu ekki lík.

4.

Bréf Sendibílastöðvar Hafnarfjarðar var sent NSH Sendibílastöð til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. desember 2008. Ekkert svar barst og var aðilum með bréfi Neytendastofu, dags. 17. febrúar 2009, tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og málið yrði því tekið til meðferðar Neytendastofu. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Sendibílastöð Hafnarfjarðar ehf. yfir notkun á firmaheitinu NSH Sendibílastöð Hafnarfjarðar og Nýja Sendibílastöð Hafnarfjarðar. Sendibílastöð Hafnarfjarðar eigi skráð firmaheitið frá 24. október 1989 og valdi notkun NSH Sendibílastöðvar á firmaheitinu NSH Sendibílastöð Hafnarfjarðar og Nýja Sendibílastöð Hafnarfjarðar, miklu ruglingi milli fyrirtækjanna.

Að mati NSH Sendibílastöðvar er Sendibílastöð Hafnarfjarðar almennt heiti og lýsandi fyrir starfsemina og því geti Sendibílastöð Hafnarfjarðar ekki notið einkaréttar á orðunum. Þá vísi NSH Sendibílastöð ekki til heitisins Nýja sendibílastöð Hafnarfjarðar heldur Notum sendla Hafnarfjarðar.

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á



tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glöggst sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

2.

Sendibílastöð Hafnarfjarðar á skráð firmaheitið frá árinu 1989 og hefur notað heitið frá þeim tíma, s.s. í auglýsingum, sem merki á bifreiðar fyrirtækisins og í símaskrá. Þá á Sendibílastöð Hafnarfjarðar skráð lénið sendibilastod.is hjá ISNIC, Internet á Íslandi. NSH Sendibílastöð á ekki skráð firmaheiti. Í auglýsingum virðist fyrirtækið ýmist nota heitið NSH sendibílastöð, NSH sendibílastöð Hafnarfjarðar og Nýja sendibílastöð Hafnarfjarðar. Bifreiðar fyrirtækisins eru merktar NSH sendibílastöð Hafnarfjarðar. Hvorugt fyrirtækið á skráð vörumerki hjá Einkaleyfastofu. Sé leitarorðinu „Sendibílastöð Hafnarfjarðar“ slegið inn í rafræna símaskrá koma upp eftirfarandi niðurstöðurnar í þessari röð: N S H sendibílastöð Hafnarfjarðar, NSH sendibílastöð Hafnarfjarðar og Sendibílastöð Hafnarfjarðar. Að mati Neytendastofu eiga bæði fyrirtæki því tilkall til nafna sinna og kemur því 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 til álita.

Fyrirtækin starfa á sama markaði á sama landfræðilega markaðssvæði og eru því keppinautar. Í merki NSH Sendibílastöðvar, sem m.a. er á bifreiðum fyrirtækisins og í auglýsingum, er orðunum N.S.H annars vegar og Nýja hins vegar skeytt skáhallt fyrir framan og ofan orðið Sendibílastöð. Þar fyrir neðan er símanúmer fyrirtækisins og orðið Hafnarfjarðar neðst í merkinu. Orðin N.S.H og Nýja líta því út sem þeim hafi verið síðar bætt við heitið Sendibílastöð Hafnarfjarðar. Að mati Neytendastofu skapar notkun NSH Sendibílastöðvar á heitinu Sendibílastöð Hafnarfjarðar mikla ruglingshættu og er því um að ræða brot á ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Með vísan til framangreinds, sem og ákvæðis 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, er NSH Sendibílastöð bönnuð notkun á heitinu Sendibílastöð Hafnarfjarðar.



III.

Ákvörðunarorð:

„NSH Sendibílastöð, Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði, hefur með notkun á heitinu Sendibílastöð Hafnarfjarðar brotið gegn ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er NSH Sendibílastöð bönnuð notkun á heitinu Sendibílastöð Hafnarfjarðar.

Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 26. maí 2009

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir